

## EE MUSIC Námskeið

Ísland – . –

Orkuráðgjafi í landinu: ,

Fulltrúi EE MUSIC í landinu: ,

**Áður en námskeiðið hefst  
(ef þú átt eða rekur tónleikastað)**

**Til að þetta námskeið nýtist sem best mælum við með að eftirfarandi sé útbúið og tekið með á námskeiðið:**

- ✔ Upplýsingar um tónleikastaðinn, þar á meðal: gólfrymi tónleikastaðarins, aldur hússins, heildarfjöldi gesta (á mánuði eða á ári), hversu marga hvert tónleikarými rúmar og fjöldi tónleika í hverju rými (á mánuði eða á ári), meðalfjöldi klukkustunda sem staðurinn er opinn almenningi á viku og fjöldi starfsmanna í fullu starfi sem vinna í húsinu.
- ✔ Upplýsingar um orkunotkun, þar á meðal: eldri reikninga fyrir rafmagni og hita (ýmist fyrir undangengið ár, undangengna mánuði eða það sem er tiltækt). Þar skal koma fram hversu mikil orka hefur verið notuð, upplýsingar um magn endurnýjanlegrar orku sem framleidd er á staðnum, ef búnaður til þess er uppsettur á staðnum, og hvers kyns aðrar upplýsingar sem tengjast orkunotkun á staðnum (fljótandi jarðolíugas, dísilolía sem ekki er notuð til flutninga, olía, o.s.frv.).
- ✔ Umhverfisstefnu og aðgerðaáætlun tónleikastaðarins, ef þær eru fyrir hendi.



**Þótt þú getir ekki lagt fram þessar upplýsingar geturðu samt tekið þátt!  
Rekurðu ekki tónleikastað? Þú getur samt sem áður lært hvernig á að  
nýta orku betur við tónleikahald, átt í samstarfi við tónleikastaðina sem  
þú vinnur með, kynnst fólki sem hugsar á svipuðum nótum, deilt með því  
bestu starfsvenjum og byggt upp nýjar.**

## Hvers vegna að velja EE MUSIC?

- > Loftslagið breytist hraðar en nokkru sinni fyrr af völdum kolefnis sem sífellt er losað út í andrúmsloftið vegna ósjálfbærrar notkunar okkar á jarðefnaeldsneyti til að knýja áfram atvinnulíf, samfélag og menningu okkar. Þar sem tónleikageirinn er afar sýnilegur iðnaður og nær til mikils fjölda fólks gefur það færi á að ganga á undan með góðu eftirdæmi og hvetja til aukinnar nýtingar sjálfbærrar orku til framtíðar.
- > Orkukostnaður fer alls staðar hækkandi og getur verið afar óstöðugur – og því getur minnkuð orkunotkun sparað peninga og búið reksturinn betur undir verðsveiflur í framtíðinni. Notkun endurnýjanlegrar orku getur líka varið þig gegn skyndilegum verðhækkunum.
- > EE MUSIC aðstoðar tónleikahaldara við að spara orku og draga úr orkukostnaði og kolefnislosun. Þetta er umfangsmesta herferð sinnar tegundar í þessum iðnaði í Evrópu frá upphafi – og þú getur tekið þátt.

## Ábendingar um orkunýtni á tónleikum í Klúbbum og á Tónleikastöðum



### Greining og skilningur

**Eina leiðin til að bera kennsl á og þróa leiðir til orkunýtni er að skilja starfshætti þína og núverandi kerfi og hvernig þau eru notuð. Gerðu greiningu:**

1. Hvar notarðu orku? Í tónleikarýmum, á geymslusvæðum, skrifstofum og svo framvegis?
2. Hvenær notarðu orku? Hvenær kemur fyrsti maður yfirleitt á vettvang og hvenær fer síðasti maður yfirleitt út úr hverju rými? Hvenær eru mestu álagstímar hvað varðar orkuþörf og hvenær er orkuþörf minnst?
3. Hvað notar orku? Gerðu lista yfir búnað og kerfi eins og loftræstikerfi, tölvubúnað og svo framvegis.
4. Hvernig er orka notuð og hver notar hana? Ræddu við starfsfólkið og spyrðu það út í starfsvenjur þess. Hvernig vinnur það með búnað og kerfi tónleikastaðarins/skrifstofunnar? Hvernig nota gestkomandi tónlistarmenn og tæknimenn rýmið?
5. Ef þú ert utanaðkomandi tónleikahaldari í samstarfi við tónleikastaði, hvernig stjórna þeir orkunotkun sinni? Færðu einhverjar upplýsingar frá þeim?



## Pú þarft einnig að mæla til að ná árangri í

6. Settu grunnviðmið fyrir orkunotkun og fylgstu með orkunotkun í tiltekinn tíma til að sjá hvort þær ráðstafanir sem þú grípur til skila einhverjum árangri. Notaðu orkureikningana þína til að fá upplýsingar og finndu rafmagnsmælana í húsinu og lestu reglulega af þeim. Sem tónleikahaldari geturðu gert það sama fyrir skrifstofuna þína.

7. Ef þú nærð ekki fram sparnaði skaltu reyna að greina ástæður þess: Hefurðu til dæmis haldið fleiri tónleika eða keypt nýjan, orkufrekan búnað?

8. Ef þú ert utanaðkomandi tónleikahaldari í samstarfi við tónleikastaði skaltu hvetja þá til að fylgjast með orkunotkun sinni. Það getur sparað þeim fastakostnað þannig að allir eru betur settir.



## Notaðu orku á skilvirkan hátt

**Í fyrri verkum Julie's Bicycle í Bretlandi og Green Music Initiative í Þýskalandi hefur komið í ljós að flestir tónleikastaðir og klúbbar geta náð fram 5–20% árlegum orkusparnaði með því einu að beita ráðstöfunum til orkunýtni með engum eða litlum tilkostnaði.**

- > Innleiddu þá stefnu að slökkva á ljósum, rafmagns- og tölvubúnaði. Ef þú ert tónleikahaldari skaltu taka þátt í því að slökkva á búnaði sem er ekki í notkun (þar á meðal ljósum í búningsherbergjum).
- > Skoðaðu stjórnubúnað hússins, t.d. fyrir loftkælingu, hita, heitt vatn og lýsingarkerfi, reglulega og sinntu viðhaldi á honum til að tryggja að hann sé rétt stilltur og starfi rétt. Tryggðu að kveikt og slökkt sé á kerfum eftir því hvenær mismunandi svæði hússins eru í notkun.
- > Loftræstu með fersku lofti í stað þess að nota loftkælingu ef unnt er.
- > Kauptu orkunýtin búnað þegar eldri búnaði, t.d. kæliskápum, er skipt út.
- > Notaðu LED-ljós fyrir tónleikalýsingu, veldu perur með lægsta orkuinntak í vöttum og volfram-ljós sem hreyfast í stað blikkljósa og tryggðu að slökkt sé á ljósum frá því að prófun á búnaði lýkur og þar til tónleikarnir byrja.
- > Skiptu flúrperum út fyrir nýtnari perur eða skiptu ljósunum út fyrir sambyggða flúrlampa og LED-ljós. Settu upp hreyfiskynjara og dagsbirtuskynjara fyrir lýsingu.
- > Hreinsaðu síur í loftmeðhöndlunarbúnaði reglulega eða skiptu þeim út fyrir orkunýtnari gerðir.
- > Sinntu árlegu viðhaldi á miðstöðvarkatlinum – það borgar sig yfirleitt.
- > Settu upp orkunýtnari búnað. Til dæmis er yfirleitt full ástæða til að skipta út miðstöðvarkötllum sem skila minna en 60% nýtni, eru eldri en 10 ára eða ganga fyrir olíu.
- > Sinntu viðhaldi á byggingarefni til að draga sem mest úr hitatapi.
- > Ef þú ert utanaðkomandi tónleikahaldari skaltu ræða við stjórnendur tónleikastaðarins og gefa þeim þessar ábendingar – og í sameiningu getið þið gert aðgerðaáætlun!



## Notaðu endurnýjanlega orku

**Ein áhrifaríkasta breytingin sem þú getur gert er að skipta alfarið um orkugjafa og færa þig úr notkun jarðefnaeldsneytis yfir í sjálfbærari kosti.**

- › Ef þessi kostur er fyrir hendi í þínu landi skaltu skipta yfir í 100% grænan orkugjafa fyrir skrifstofuna eða tónleikastaðinn og stuðla þannig að uppgangi vaxandi markaðar fyrir endurnýjanlega orku.
- › Settu upp eigin rafveitu með lítilli eða engri kolefnislosun, til dæmis með því að nota: sólarraforkuplötur, litla vindhverfla, litlar og meðalstórar einingar fyrir samþætta varma- og raforkuvinnslu.
- › Settu upp eigin hitaveitu með lítilli eða engri kolefnislosun, til dæmis með því að nota: sólarorku, lífmassa, varmadælur (úr lofti, vatni og jörðu).

ESB stefnir að því að fá 20% af orku sinni frá endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir árið 2020. Mörg ríki hafa sett sér eigin markmið um endurnýjanlega orku og því er hugsanlega hægt að fá opinbera styrki eða lán til að fjárfesta í orkuveri sem nýtir endurnýjanlega orku. Hafðu samband við Orkustofnun til að fá frekari upplýsingar.



## Samskipti og samvinna

**Aðgerðir þínar til að auka orkunýtni bera ekki árangur nema þú fáiir þá sem hlut eiga að máli til að leggja sitt af mörkum. Aukin orkunýtni er oft afrakstur margra smærri einstakra aðgerða, sem þýðir að því fleiri sem taka þátt, því meiri sparnaður næst fram.**

- › Komdu þeirri ætlun þinni að auka orkunýtni á framfæri við allt starfsfólk, verktaka, tæknimenn, sjálfbóðaliða, tónlistarmenn, tónleikastaði sem þú vinnur með o.s.frv. og útskýrðu fyrir hverjum og einum hvernig þeir geta tekið þátt og til hvers þú ætlast af þeim. Ef unnt er skaltu fá starfsfólk sem vinnur að skipulagningu tónleika til að taka þátt í upplýsingasöfnun og ákvarðanatöku. Settu á blað stutta stefnu í orkumálum og deildu henni með samstarfsfólki.
- › Settu upp skilti og merkingar í öllu húsinu eða láttu ábendingar um orkunýtni fylgja tæknilegum upplýsingum, ferðaáætlunum tónlistarmanna o.s.frv. til að minna fólk á að slökkva á tækjum eða spara orku á annan hátt. Þetta þarf ekkert að vera leiðinlegt!

Áheyrendur þínir gefa þér aukinn kraft – vertu stolt(ur) af þeim árangri sem þú nærð og reyndu að hugsa upp skapandi leiðir til að ná til tónleikagesta og fá þá til að taka þátt. Þú getur líka staðið fyrir herferðum til vitundarvakningar eða viðburðum sem tengjast orkunotkun, t.d. bíósýningum sem ganga fyrir fótstignu afli. Ekki nálgast orkunýtni og sjálfbæra orku sem „leiðinlegt“ málefni: Notaðu þess í stað sömu aðferðir, stíl og tungutak og þú notar við kynningar á öðru efni.

Starfaðu með öðrum í greininni: Eina ástæðan fyrir því að EE MUSIC er til er sú að framsæknir tónleikastaðir, tónlistarhátíðir og viðburðastjórnendur ákváðu að deila þekkingu sinni í allra þágu. Deildu því sem þú hefur lært og skipstu á þekkingu um bestu starfsvenjur, tækifæri og áskoranir við aðra sem þú tengist. Rétt eins og heilbrigðis- og öryggismál er þetta svið þar sem allur geirinn getur orðið sterkari með samvinnu.

## Verkfæri EE MUSIC fyrir grænan iðnað

Verkfæri EE MUSIC fyrir grænan iðnað eru verkfæri sem reikna út kolefnislosun og eru sérstaklega þróuð fyrir hinar skapandi greinar til að gefa skýrari sýn á umhverfisáhrif. Verkfæri EE MUSIC fyrir grænan iðnað ætluð tónleikastöðum gera þér kleift að bera saman orkunotkun og kolefnisspor tónleikastaðarins eða klúbbsins í tiltekinn tíma – mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega (eftir óskum og aðgengi að gögnum) – og bera það saman við meðaltalið í geiranum. Á grunni þessara upplýsinga er hægt að setja saman stjórnunarátlanir og fylgjast með árangrinum í umhverfismálum. Með því að nota verkfæri EE MUSIC fyrir grænan iðnað færðu einnig kolefnisspor sem getur komið að gagni í kynningarstarfi. Ef þú ert utanaðkomandi tónleikahaldari skaltu reyna að fá þá tónleikastaði sem þú vinnur með til þess að fylgjast með orkunotkun sinni og áhrifum á umhverfið.

### Skráðu þig fyrir verkfærum EE MUSIC fyrir grænan iðnað á <http://ee-music.eu>

Verkfæri EE MUSIC fyrir grænan iðnað eru fáanleg á ensku, frönsku, þýsku, pólsku, búlgörsku, lettnesku, spænsku og portúgölsku. Einnig er til útgáfa af verkfærum EE MUSIC fyrir grænan iðnað fyrir tónlistarhátíðir og viðburði utandyra.

The screenshot shows the 'Reports' section on the left with a filter set to 'All Reports'. Two reports are listed: 'EE MUSIC Clubland, music' (selected) and 'EE MUSIC FEST, music'. The 'Results' section on the right shows data for 'EE MUSIC Clubland April 2012 - March 2013'. A dropdown menu is open over the 'Overall Results' table, showing options: 'Total values', 'per Seat per performance', 'per m2', and 'per Performance'. The table data is as follows:

Category	Total	per Seat per performance	per m2	per Performance
Overall Results	271.1 tonnes CO <sub>2</sub> e			
Energy	212.1 tonnes CO <sub>2</sub> e			
Water & Sewage	1.1 tonnes CO <sub>2</sub> e	2000.0 m <sup>3</sup>		
Waste				

The screenshot shows the 'Reports Overview' page for a user named 'EE MUSIC\_TEST'. The page includes a navigation menu with 'REPORTS' and 'ACCOUNT'. The 'Reports' section is active, showing the same report selection options as the previous screenshot. Below this is a 'Getting started' section with instructions and contact information. At the bottom, there are logos for WIP, JULIE'S BICYCLE, greenmusic initiative, ELEVATE, and terra.

## Nokkrar lykilstaðreyndir og tölur sem gagnast geta í samskiptum

Þegar þú ræðir við markhópinn þinn um orkunýtni getur stundum hjálpað að vera með nokkrar staðreyndir og tölur á takteinum – og þess vegna höfum við útbúið eftirfarandi:

- › Vissir þú að um það bil fjórðungur af kolefnisspori ESB er af völdum orkunotkunar á heimilum? Með aukinni orkunýtni heima hjá þér geturðu haft áhrif til góðs.
- › Eins og sakir standa framleiðir ESB einungis 48% þeirrar orku sem það þarf. Flytja þarf inn það sem upp á vantar og því er rökrétt fyrir alla að stuðla að betri orkunýtni.
- › Innflutningur á orku kostaði ESB 421 milljarð evra árið 2012 – sem er meira en 1,1 milljarður evra á hverjum degi sem hefði mátt verja í annað.
- › Orkunýtnar ljósaperur til heimilisnota eins og sambyggðir flúrlampar eða LED-ljós geta sparað allt að 80% orku miðað við ljósaperur sem ekki eru eins orkunýtnar en skila þó jafngóðri birtu og endast allt að 15 sinnum lengur.
- › Heimilistæki sem skilin eru eftir í biðstöðu nota áfram orku. Hægt er að lækka raforkureikninginn um allt að 12% með því að gæta þess að slökkva alveg á öllum heimilistækjum þegar þau eru ekki í notkun.

Sjá fleiri dæmi, staðreyndir og tölur á vefsvæði EE MUSIC.

## Helstu Hjálpargögn og Verkfæri



### Viðmiðanir EE MUSIC:

Eftir því sem verkefni EE MUSIC miðar áfram munum við byrja að birta viðmiðanir um orkunotkun á tónleikastöðum og í klúbbum víðs vegar í Evrópu sem lýsa meðalorkunotkun á flatareiningu. Þú getur borið orkunýtingu tónleikastaðarins þíns saman við þessar viðmiðanir. Skoðuðu vefsvæði EE MUSIC – og ef engar ESB-viðmiðanir er enn að finna þar má nálgast breskar viðmiðanir á vefsvæði Julie's Bicycle.

<http://ee-music.eu>

<http://www.juliesbicycle.com/resources/benchmarks>



### Vefgátt EE MUSIC:

Á vefgátt EE MUSIC má finna fjölda frekari hjálpargagna – þ.m.t. dæmi um góðar starfsvenjur sem taka má til fyrirmyndar, ítarefni til þjálfunar, orðalista yfir ýmis hugtök tengd orku sem þú kannt að rekast á og kafla um einstök lönd þar sem finna má upplýsingar um þá tengiliði og birgja á hverjum stað sem við vitum af.

<http://ee-music.eu>

## Um EE MUSIC

EE MUSIC er net sérfræðinga á sviði sjálfbærni og orku, sérfræðinga á sviði tónlistariðnaðar og kynningarfyrirtækja sem vinnur að því draga úr orkunotkun og umhverfisáhrifum tónlistarviðburða. Aðkoma EE MUSIC býður upp á orkunýtnar og sjálfbærar orkulausnir sem henta eðli og þörfum tónlistarviðburða. EE MUSIC er stærsta herferð á sviði orkumála fyrir tónleikaíðnaðinn sem ráðist hefur verið í hingað til í Evrópu.



Julie's Bicycle  
SUSTAINING CREATIVITY



terra  
systemics



AGENTUR WICHER  
communication | social media | advertising



Co-funded by the Intelligent Energy Europe  
Programme of the European Union

Höfundar bera einir ábyrgð á efni þessa upplýsingablaðs. Það endurspeglar ekki endilega skoðanir Evrópusambandsins. Hvorki framkvæmdaskrifstofa samkeppnishæfni og nýsköpunar né framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber ábyrgð á neinni notkun á þeim upplýsingum sem í því eru gefnar.